

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Brekknaás.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 22. júlí 2021, nýtt deiliskipulag fyrir 6 lóðir við Brekknaás og Vindás 1,8 ha að stærð. Svæðið er skilgreint sem íbúðarsvæði í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 með síðari breytingum. Í aðalskipulagi segir að leyfileg sé uppbygging á 60 íbúðum auk búsetukjarna fyrir fatlaða. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Efstasund 67.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 22. september 2021, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar breytingu á deiliskipulagi, Sundin (reitur 1.3 og 1.4) vegna lóðarinnar nr. 67 við Efstasund. Í breytingunni felst að skilmálasnið A-2 er aðlagð fyrir það hús sem stendur á lóðinni og felst í því að leyfilegt er að byggja þakhæð með 4 m mænishæð yfir núverandi þakplötu og kvisti á 50% af lengd langhliðar. Byggingarreitir hefur verið stækkaður til suðurs til að koma fyrir núverandi svölum 1. hæðar og nýjum svölum rishæðar. Nýtt bílastæði er staðsett á suðurhluta lóðar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 7. október 2021.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 21. október 2021